

REGLUGERÐ

um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022.

1. gr.

Framlög vegna samþættingar þjónustu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ráðstafar framlagi til einstakra sveitarfélaga, til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árunum 2022-2024, sbr. XXV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Framlög til einstakra sveitarfélaga skulu ekki vera hærri en umframkostnaður sveitarfélagsins af framkvæmd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að frádregnum ávinningi sem sveitarfélagið fær af þeim.

2. gr.

Úthlutunarregla framlagsins 2022.

Við úthlutun framlagsins til sveitarfélaga árið 2022, skal hlutfallskipta fjármagni til ráðstöfunar á grundvelli eftirfarandi breytna fyrir hvert sveitarfélag sem allar hafa jafnt vægi, og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna 1. janúar 2021.
2. Meðaltal barna með stuðning í grunnskólum skólaárin 2018/2019 og 2019/2020 og fjöldi barna með stuðning í leikskólum árin 2019 og 2020.
3. Fjöldi barna á heimilum með undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna árið 2020.
4. Fjöldi innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2021.

Hlutfallstala hvers sveitarfélags, sem fundin er út á grundvelli framangreindra forsendna, er birt í viðauka I við reglugerð þessa.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli XXV. ákvæðis til bráðabirgða og 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, tekur gildi 1. janúar 2022.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. desember 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

Sveitarfélag	Hlutfallstala skv. 2. gr. reglugerðarinnar
Reykjavíkurborg	36,262%
Kópavogsbær	10,051%
Seltjarnarnesbær	1,121%
Garðabær	3,693%
Hafnarfjarðarkaupstaður	8,756%
Mosfellsbær	2,970%
Kjósarhreppur	0,030%
Reykjanesbær	7,156%
Grindavíkurbær	1,404%
Sveitarfélagið Vogar	0,548%
Suðurnesjabær	1,437%
Akraneskaupstaður	1,913%
Skorradalshreppur	0,016%
Hvalfjarðarsveit	0,149%
Borgarbyggð	1,087%
Grundarfjarðarbær	0,226%
Helgafellssveit	0,014%
Stykkishólmshreppur	0,380%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,048%
Snæfellsbær	0,494%
Dalabyggð	0,205%
Bolungarvíkurkaupstaður	0,306%
Ísafjarðarbær	1,170%
Reykhólahreppur	0,074%
Tálknafjarðarhreppur	0,075%
Vesturbyggð	0,331%
Súðavíkurhreppur	0,103%
Árneshreppur	0,003%
Kaldrananeshreppur	0,021%
Strandabyggð	0,083%
Sveitarfélagið Skagafjörður	0,959%
Húnaþing vestra	0,376%
Blönduósbær	0,370%
Sveitarfélagið Skagaströnd	0,155%
Skagabyggð	0,029%
Húnavatnshreppur	0,111%
Akrahreppur	0,060%
Akureyrarbær	4,065%
Norðurþing	0,623%
Fjallabyggð	0,337%
Dalvíkurbyggð	0,462%
Eyjaþingarsveit	0,227%
Hörgársveit	0,170%
Svalbarðsstrandarhreppur	0,107%
Grýtubakkahreppur	0,073%
Skútustaðahreppur	0,092%
Tjörneshreppur	0,004%
Þingeyjarsveit	0,191%
Svalbarðshreppur	0,023%

Sveitarfélag	Hlutfallstala skv. 2. gr. reglugerðarinnar
Langanesbyggð	0,173%
Fjarðabyggð	1,420%
Múlaþing	1,251%
Vopnafjarðarhreppur	0,200%
Fljótaldalshreppur	0,001%
Vestmannaeyjabær	0,937%
Sveitarfélagið Árborg	2,916%
Sveitarfélagið Hornafjörður	0,540%
Mýrdalshreppur	0,184%
Skaftárhreppur	0,174%
Ásahreppur	0,083%
Rangárþing eystra	0,626%
Rangárþing ytra	0,543%
Hrunamannahreppur	0,256%
Hveragerðisbær	0,636%
Sveitarfélagið Ölfus	0,676%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,166%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,154%
Bláskógabyggð	0,258%
Flóahreppur	0,246%